

GAMMA Capital Management hf.

Ársreikningur 2017

GAMMA Capital Management hf.
Garðastræti 37
101 Reykjavík
Kt. 530608-0690

Efnisyfirlit

	Bls.		Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra	3	Ársreikningur fjárfestingarsjóða	27
Áritun óháðs endurskoðanda	4	Rekstrarreikningur	28
A-hluti		Efnahagsreikningur	29
Ársreikningur GAMMA Capital Management hf.	6	Yfirlit um breytingar á hreinni eign	30
Rekstrarreikningur	7	Skýringar	31
Efnahagsreikningur	8	Ársreikningur fjárfestingarsjóðsins GAMMA: Global Invest (EUR)	35
Sjóðstreymisyfirlit	9	Rekstrarreikningur	36
Skýringar	10	Efnahagsreikningur	37
Yfirlýsing um stjórnarhætti, óendurskoðuð	15	Yfirlit um breytingar á hreinni eign	38
B-hluti		Skýringar	39
Ársreikningur verðbréfasjóða	18		
Rekstrarreikningur	19		
Efnahagsreikningur	20		
Yfirlit um breytingar á hreinni eign	21		
Skýringar	22		

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Tilgangur GAMMA Capital Management hf. er að annast rekstur verðbréfasjóða, fjárfestingasjóða og fagfjárfestasjóða.

Ársreikningi félagsins er skipt í tvo hluta, A-hluta sem inniheldur ársreikning rekstrarfélagsins fyrir árið 2017 og B-hluta sem inniheldur ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða GAMMA Capital Management. Þessi framsetning á reikningnum er í samræmi við reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.

Á árinu 2017 voru 2 verðbréfasjóðir, 6 fjárfestingarsjóðir og 38 fagfjárfestasjóðir í rekstri hjá félaginu og eignir í stýringu námu 138.799 millj. kr. í árslok 2017.

Á árinu starfaði að meðaltali 22 starfsmenn hjá félaginu. Vísast til skýringa með ársreikningnum varðandi laun stjórnar og forstjóra.

Hagnaður varð af rekstri félagsins á árinu 2017 að fjárhæð 626 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins í árslok nam 2.054 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eiginfjárlutfall félagsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, var 47,0% en þetta hlutfall má ekki vera lægra en 8,0%. Hlutfé félagsins í árslok nam 33,9 millj. kr. og skiptist á 9 hluthafa eins og í ársbyrjun. Í árslok greinast eignarhlutir þannig:

	Eignarhlutur
Ægir Invest ehf., Íslandi. Eigandi: Gísli Hauksson	30,97%
Agnar T. Möller, Íslandi.	29,72%
Straumnes eignarhaldsfélag ehf., Íslandi. Eigendur: Ari Fenger, Björg Fenger, Kristín Fenger	9,99%
Volga ehf., Íslandi. Eigandi: Guðmundur Björnsson	9,99%
GAMMA Capital Management hf., Íslandi.	6,50%
Valdimar Ármann, Íslandi.	6,23%
LTT ehf., Íslandi. Eigandi: Lýður Þór Þorgeirsson	3,60%
Polygon ehf., Íslandi. Eigandi: Jónmundur Guðmarsson	2,00%
LL34 ehf., Íslandi. Eigandi: Ragnar Jónasson	1,00%

Stjórn félagsins leggur til að ekki verið greiddur arður til hluthafa á árinu 2018 vegna rekstrarársins 2017 en vísað er til ársreikningsins um frekari ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningnum.

Yfirlýsing um stjórnarhætti

Stjórn félagsins hefur leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti. Stjórnin hefur sett sér ítarlegar starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart forstjóra. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, reglur um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf forstjóra gagnvart stjórn og fleira. Á blaðsíðu 15 í þessum ársreikningi er að finna ítarlegri yfirlýsingu um stjórnarhætti.

Stjórn og forstjóri GAMMA Capital Management hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. mars 2018.

Stjórn:


Sveinn Þiening Jónsson

Forstjóri:


Valdimar Ármann

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Gamma Capital Management hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Gamma Capital Management hf fyrir árið 2017. Ársreikningurinn er í tveimur hlutum; A-hluti sem er rekstrarfélagið sjálft og B-hluti sem inniheldur verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði rekstrarfélagsins. A-hlutinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. B-hlutinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á hreinni eign, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar fyrir verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði rekstrarfélagsins.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins og sjóðanna á árinu 2017, efnahag þeirra 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé félagsins og hreinni eign sjóðanna á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga, reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða og reglur um ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Gamma Capital Management hf. í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og víðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar samanstanda af skýrslu stjórnar og stjórnháttaryfirlýsingu.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga, reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða og reglur um ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og forstjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Gamma Capital Management hf. Ef við á, skulu stjórn og forstjóri setja fram víðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og forstjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.


Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að vika frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Kópavogur, 28. mars 2018

Deloitte ehf.

Pálína Árnadóttir
Endurskoðandi


Gunnar Þorvarðarson
Endurskoðandi

GAMMA Capital Management hf.
Ársreikningur 2017

Rekstrarreikningur 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrartekjur			
Umsýslu- og árangurstengdar þóknanir	1c.	2.077.682	1.961.277
Aðrar tekjur		24.696	11.156
Fjármunatekjur	4	161.172	104.308
		<u>2.263.550</u>	<u>2.076.741</u>
		Heildartekjur	
Fjármagnsgjöld	1i	(28.528)	(29.952)
		<u>2.235.022</u>	<u>2.046.789</u>
		Hreinar rekstrartekjur	
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	2	556.580	436.756
Annar rekstrarkostnaður		841.637	543.138
		<u>1.398.217</u>	<u>979.894</u>
		Rekstrargjöld samtals	
Hagnaður fyrir tekjuskatt		836.805	1.066.895
Tekjuskattur	3	(210.890)	(221.382)
Hagnaður ársins	9	<u>625.915</u>	<u>845.513</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

Eignir	Skýr.	31.12.2017	31.12.2016
Rekstrarfjármunir			
Fasteign		212.417	217.026
Innréttingar, áhöld, tæki, listmunir		173.605	167.438
	1d., 5	<u>386.022</u>	<u>384.464</u>
Aðrar langtímaeignir			
Langtímakröfur á sjóði	6	<u>1.442.946</u>	<u>566.300</u>
Veltufjármunir			
Kröfur á sjóði	1e.	150.498	299.474
Kröfur á aðra tengda aðila		230.987	0
Aðrar eignir og fyrirfram greiddur kostnaður	1e.	41.229	91.911
Verðbréf með breytilegum tekjum	1f.,7	917.796	1.007.203
Handbært fé	1g.	66.948	144.169
		<u>1.407.458</u>	<u>1.542.757</u>
Eignir samtals		<u>3.236.426</u>	<u>2.493.521</u>
Eigið fé			
Hlutfé	8	31.659	31.659
Yfirverðsreikningur hlutfjár		58.984	58.984
Lögbundinn varasjóður		8.465	8.465
Gangvirðisreikningur		169.136	82.182
Óráðstafað eigið fé		1.786.063	1.547.102
Eigið fé samtals	9,10	<u>2.054.307</u>	<u>1.728.392</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Tekjuskattskuldbinding	1h.,3	314.721	139.815
Aðrar langtímaskuldbindingar		7.390	0
Skuldir við lánastofnanir	1i.,11	0	185.342
		<u>322.111</u>	<u>325.157</u>
Skammtímaskuldir			
Næsta árs afborgun langtímaskulda	11	285.884	3.855
Skuldir við lánastofnanir, yfirdráttur og skammtímalán		300.072	90.635
Ógreiddur tekjuskattur	3,12	35.984	177.318
Aðrar skuldir		238.068	168.164
		<u>860.008</u>	<u>439.972</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		1.182.119	765.129
Eigið fé og skuldir samtals		<u>3.236.426</u>	<u>2.493.521</u>

Sjóðstreymisyfirlit 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins	9	625.915	845.513
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	5	30.595	29.907
Verðbætur langtímalána		1.451	1.372
Langtímakostnaður		736	736
Langtímakröfur	(876.646)	(210.630)
Gengisbreyting verðbréfaeignar	(119.787)	(103.509)
Aðrar langtímaskuldbindingar		7.390	0
Tekjuskattur		174.906	40.386
		<u>155.440)</u>	<u>603.775</u>
Breytingar rekstrartengda eigna og skulda:			
Skammtímakröfur	(31.329)	(126.093)
Skammtímaskuldir	(71.430)	209.942
		<u>102.759)</u>	<u>83.849</u>
Handbært fé (til rekstrar) frá rekstri	(258.199)	687.624
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	(32.153)	(10.836)
Fjárfesting í verðbréfasjóðum	(204.790)	(719.403)
Seld verðbréf		413.984	111.791
		<u>177.041</u>	<u>(618.448)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiddur arður	(300.000)	(100.000)
Tekin ný langtímalán		100.000	0
Afborganir langtímalána	(5.500)	(4.400)
Skammtímalán		209.437	90.635
		<u>3.937</u>	<u>(13.765)</u>
Breyting handbærs fjár	(77.221)	55.411
Handbært fé í ársbyrjun		<u>144.169</u>	<u>88.758</u>
Handbært fé í árslok	1g.	<u>66.948</u>	<u>144.169</u>

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. **Almennar upplýsingar**

GAMMA Capital Management hf. er rekstrarfélag sem starfar á grundvelli laga um fjármálaafyrirtæki nr. 161/2002 og annast rekstur verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu ásamt því að veita ráðgjöf á skuldabréfa- og gjaldeyrismarkaði. Ársreikningur GAMMA Capital Management hf. skiptist í tvo hluta, A-hluta og B-hluta. A-hluti nær til rekstrarfélagsins og B-hluti nær til verðbréfasjóða, fagfjárfestasjóða og fjárfestingarsjóða félagsins. Í árslok 2017 var GAMMA Capital Management hf. með 2 verðbréfasjóði, 38 fagfjárfestasjóði og 6 fjárfestingarsjóði í rekstri.

b. **Grundvöllur reikningsskilanna**

Ársreikningur GAMMA Capital Management hf., A og B hluti, er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða og reglur um ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreglu nema hvað verðbréf með breytilegum tekjum eru færð á gangviði. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

c. **Umsýslubóknun og árangurstengdar þóknanir**

Félagið fær umsýslubóknun fyrir að annast daglegan rekstur verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestasjóða GAMMA Capital Management, svo sem eignastýringu, sölu, útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina, reikningshald sjóðanna, vörslubóknun og umsýslu. Umsýslubóknunin reiknast sem fast hlutfall af hreinni eign hvers sjóðs. Að auki fær félagið árangurstengdar þóknanir sem reiknast sem fast hlutfall af hagnaði sjóðanna umfram viðmið sjóðanna.

d. **Varanlegir rekstrarfjármunir**

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar af stofnverði. Árlegt afskriftarhlutfall eigna er þannig:

Fasteignir	2%
Innréttingar	10%
Húsbúnaður, áhöld og tæki	20%
Tölvubúnaður	25%
Listmunir	0%

e. **Kröfur á sjóði og aðrar eignir**

Kröfur á sjóði, aðrar kröfur og fyrirfram greiddur kostnaður eru færð á nafnvirði að frádreginni áætlaðri niðurfærslu vegna krafna sem kunna að tapast.

f. **Verðbréf með breytilegum tekjum**

Verðbréf með breytilegum tekjum eru hlutdeildarskírteini í sjóðum og eru færð á síðasta skráða gengi ársins.

g. **Handbært fé**

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum hjá innlánsstofnunum.

h. **Tekjuskattur**

Færð er tekjuskattskuldbinding vegna tímabundins mismunar á bókfærðu verði eigna og skulda skv. ársreikningi annars vegar og skattframtali hins vegar. Skuldbinding myndast vegna framangreindra liða vegna þess að gjöld eru að jafnaði færð fyrir á framtal heldur en í ársreikning.

i. **Langtímaskuldir**

Langtímaskuldir eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði. Lántökukostnaði er dreift miðað við virka vexti.

Skýringar, frh.:

j. Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í krónur á uppgjörstigi. Áfallinn gengismunur á höfuðstól eigna og skulda er færður í rekstrarreikning. Rekstrartekjur og rekstrargjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

Gengi helstu gjaldmiðla á árinu var sem hér segir:

	Meðalgengi		Árslokagengi	
	2017	2016	2017	2016
GBP	137,45	163,80	140,98	138,91
USD	106,78	120,67	104,42	112,82
EUR	120,54	133,59	125,05	119,13

2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2017	2016
Laun	452.674	350.212
Launatengd gjöld	103.906	86.544
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>556.580</u>	<u>436.756</u>

Fjöldi starfsmanna að meðaltali 22 21

Laun forstjóra námu 33,5 millj. kr. á árinu. Greiðslur til stjórnarmanna námu alls 27,1 millj. kr. og greinast þannig:

Gísli Hauksson	20.163
Hlíf Sturludóttir	4.500
Haukur Þór Hauksson	1.900
Jón Sigurðsson	510
	<u>27.073</u>

3. Tekjuskattur

Virkur tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

	2017		2016	
Hagnaður fyrir tekjuskatt		836.805		1.066.895
Tekjuskattur m.v. gildandi skatthlutfall	20,0%	167.361	20,0%	213.379
Ófrádráttarbær kostnaður	5,2%	43.564	1,0%	8.003
Aðrir liðir	(0,0%)	(35)	0,00%	0
	<u>25,2%</u>	<u>210.890</u>	<u>20,8%</u>	<u>221.382</u>

Frestaður tekjuskattur nemur 314,7 millj. kr. í árslok 2017 og reiknast þannig af efnahagsliðum:

	31.12.2017	31.12.2016
Vegna varanlegra rekstrarfjármuna	25.028	23.997
Vegna langtímakrafna	288.589	113.261
Vegna viðskiptakrafna	1.497	2.278
Vegna langtímalána	134	282
Vegna annarra liða	(527)	(3)
	<u>314.721</u>	<u>139.815</u>

Skýringar, frh.:

Tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

	2017	2016
Tekjuskattur til greiðslu	35.984	177.318
Frestaður tekjuskattur	174.906	44.064
Gjaldfærður tekjuskattur í rekstrarreikningi	210.890	221.382

4. Fjármunatekjur

Fjármunatekjur greinast þannig:

	2017	2016
Hagnaður af verðbréfaeign	119.787	103.509
Vaxtatekjur af kröfum og bankareikningum	37.438	799
Gengishagnaður	3.947	0
	161.172	104.308

5. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteign	Innréttingar, áhöld, tæki og listmunir	Samtals
2017			
Staða 1.1.2017	217.026	167.438	384.464
Keypt á árinu	0	32.153	32.153
Afskrifað á árinu	(4.609)	(25.986)	(30.595)
Staða 31.12.2017	212.417	173.605	386.022
Stofnverð 31.12.2017	230.470	277.642	508.112
Uppsafnaðar afskriftir 31.12.2017	(18.053)	(104.037)	(122.090)
	212.417	173.605	386.022
2016			
Staða 1.1.2016	221.635	181.900	403.535
Keypt á árinu	0	10.836	10.836
Afskrifað á árinu	(4.609)	(25.298)	(29.907)
Staða 31.12.2016	217.026	167.438	384.464
Stofnverð 31.12.2016	230.470	245.489	475.959
Uppsafnaðar afskriftir 31.12.2016	(13.444)	(78.051)	(91.495)
	217.026	167.438	384.464
Afskriftahlutfall	2%	0-25%	

Fasteignamat fasteignar félagsins nam 206,5 millj. kr. í árslok 2017 og brunabótamat var 211,1 millj. kr. á sama tíma.

6. Langtímakröfur

Langtímakröfur á fagfjárfestastjóði eru til komnar vegna ákvæða um árangurstengda þóknun GAMMA Capital Management hf. sem tekur mið af ávöxtun sjóðanna umfram ákveðin viðmið á 5 ára tímabili. Kröfurnar eru því ekki til greiðslu fyrr en að loknu viðmiðunartímabilinu og geta bæði hækkað og lækkað eftir ávöxtun sjóðanna.

Skýringar, frh.:

7. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréfaeign félagsins samanstendur af hlutdeildarskírteinum í fagfjárfestasjóðum að fjárhæð 917.578 þús. kr. og fjárfestingarsjóðum að fjárhæð 218 þús. kr. Hlutdeildarskírteini eru metin á markaðsverði í árslok. Breyting verðbréfaeignar greinist þannig á árinu:

	2017	2016
Staða í ársbyrjun	1.007.203	296.082
Keypt verðbréf	204.790	719.403
Seld verðbréf	(413.984)	(111.791)
Gengsbreyting verðbréfa	119.787	103.509
Staða í árslok	<u>917.796</u>	<u>1.007.203</u>

8. Eigið fé

Hlutafé félagsins nemur 33.859 þús. kr. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Í árslok 2017 átti félagið eigin hlutabréf að nafnverði 2.200 þús. kr. eða 6,5% af útgefnu hlutafé og er staðan óbreytt milli ára.

9. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Gangvirðis- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
2017						
Eigið fé 1.1.2017	31.659	58.984	8.465	82.182	1.547.102	1.728.392
Arður					(300.000)	(300.000)
Hagnaður ársins				86.954	538.961	625.915
Eigið fé 31.12.2017	<u>31.659</u>	<u>58.984</u>	<u>8.465</u>	<u>169.136</u>	<u>1.786.063</u>	<u>2.054.307</u>
2016						
Eigið fé 1.1.2016	30.643	0	8.465	0	883.771	922.879
Seld eigin hlutabréf	1.016	58.984				60.000
Arður					(100.000)	(100.000)
Hagnaður ársins				82.182	763.331	845.513
Eigið fé 31.12.2016	<u>31.659</u>	<u>58.984</u>	<u>8.465</u>	<u>82.182</u>	<u>1.547.102</u>	<u>1.728.392</u>

Samkvæmt lögum um ársreikninga nr. 3/2006 skal færa matsbreytingar á fjármálgerningum tilgreindum á gangvirði við upphaflega skráningu af óráðstöfuðu eigin fé á gangvirðisreikning meðal eigin fjár sem óheimilt er að úthluta arði af, að teknu tilliti til skattaáhrifa eftir því sem við á.

10. Eiginfjárlutfall GAMMA Capital Management hf. sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 47,0% en lágmarks eiginfjárlutfall er 8,0% samkvæmt lögum. Hlutfallið reiknast þannig:

	31.12.2017	31.12.2016
Eiginfjárgrunnur samtals	<u>2.054.307</u>	<u>1.728.392</u>
Eiginfjárfkra skiptist þannig:		
Útlánaáhætta	290.356	214.360
Eiginfjárfkra samtals	<u>290.356</u>	<u>214.360</u>
Eiginfjárfkra miðað við fastan rekstrarkostnað	349.554	264.771
Eiginfjárgrunnur umfram eiginfjárkröfu	1.704.753	1.463.621
Eiginfjárlutfall	47,0%	52,2%

Samkvæmt 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 skal eiginfjárgrunnur rekstrarfélaga verðbréfasjóða aldrei nema lægri fjárhæð en sem svarar til 25% af föstum rekstrarkostnaði síðasta árs. Eiginfjárgrunnur GAMMA Capital Management hf. var í árslok 147% af föstum kostnaði ársins.

Skýringar, frh.:

11. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir greinast þannig:

	Staða 31.12.2017	Staða 31.12.2016
Skuldir við Arionbanka, verðtryggðar	131.556	74.305
Skuldir við Arionbanka, óverðtryggðar	155.000	116.300
Lántökukostnaður	(672)	(1.408)
	<u>285.884</u>	<u>189.197</u>
Afborganir greinast þannig á næstu ár:		
Árið 2018 / 2017	285.884	3.855
Árið 2019 / 2018	0	185.342
	<u>285.884</u>	<u>189.197</u>

12. Skattamál

Tekjuskattur hefur verið reiknaður og færður til gjalda í rekstrarreikning. Tekjuskattur að fjárhæð 36,0 millj. kr. er til greiðslu á árinu 2018 vegna rekstrar ársins 2017 (177,3 millj. kr. árið 2017 vegna rekstrar 2016).

13. Veðsetningar

Fasteign félagsins er veðsett til tryggingar skuldum félagsins að eftirstöðvum 188,1 millj. kr. í árslok 2017 (191,5 millj. kr. 2016). Þá er verðbréfaeign félagsins veðsett fyrir skuldum við lánastofnanir.

14. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar GAMMA Capital Management hf. eru stjórnarmenn, forstjóri, stórir hluthafar, einstaklingar sem tengjast þessum aðilum nánnum fjölskylduböndum sem og félög undir yfirráðum framangreindra aðila. Enn fremur sjóðir í rekstri GAMMA Capital Management hf.

	Póknana- Tekjur	Vaxta- tekjur	Hlutdeildar- skírteini	Kröfur	Skuldir
2017					
Sjóðir í rekstri GAMMA Capital Managment	2.077.682	37.097	892.249	150.498	9.360
Aðrir tengdir aðilar	0	0	0	230.987	0
2016					
Sjóðir í rekstri GAMMA Capital Managment	1.961.277	0	1.007.203	228.952	14.392
Aðrir tengdir aðilar	0	0	0	70.522	0

Yfirlýsing um stjórnarhætti - óendurskoðuð

GAMMA Capital Management hf. hefur hliðsjón af Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út á vegum Viðskiptaráðs Íslands eins og gert er grein fyrir í yfirlýsingu þessari. Góðir stjórnarhættir eru nú aðgengilegir í 5. útgáfu frá maí 2015, á heimasíðu Viðskiptaráðs Íslands <http://www.vi.is>. Hér að neðan er að finna upplýsingar um einstaka þætti stjórnarhátta GAMMA Capital Management hf. og tekur umfjöllunin mið af fyrrnefndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja að því marki sem við á.

Til viðbótar við 5. útgáfu stjórnarhátta fyrirtækja starfar GAMMA Capital Management hf. m.a. á grundvelli laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestastjóði. GAMMA Capital Management hf. er fjármálafyrirtæki með starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu sem rekstrarfélag verðbréfasjóða skv. 7. tölul. 1. mgr. 4. gr., sbr. c-lið og d-lið 6. tölul. og 7. tölul. 1. mgr. 3. gr. og 1.-3. tölul. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Starfsleyfi GAMMA Capital Management hf. tekur til reksturs verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu, eignastýringar, fjárfestingarráðgjafar og vörslu og stjórnunar fjármálagerninga í sameiginlegri fjárfestingu. GAMMA Capital Management hf. hefur einnig heimild til að veita þjónustu á sviði fjárfestingarráðgjafar í Bretlandi og Svíþjóð.

Fjármálaeftirlitið hefur jafnframt eftirlit með starfsemi GAMMA Capital Management hf. eins og lög gera ráð fyrir, þar á meðal á grundvelli laga um nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Yfirlit um viðkomandi lög og reglur um starfsemi rekstrarfélaga verðbréfasjóða má nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, <http://www.fme.is>.

Vegna smæðar og þar sem GAMMA Capital Management hf. er ekki skráð í kauphöll vikur félagið frá ýmsum ákvæðum í Leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands. Þeirra á meðal eru að aðalfundur er boðaður með tveggja vikna fyrirvara en ekki tveimur mánuðum fyrir lok reikningsársins. Stjórn starfrækir ekki undirnefndir. Stjórn GAMMA Capital Management hf. ber ábyrgð á að koma á fót kerfi fyrir áhættustýringu og innra eftirliti og fylgjast með virkni þess. Slíku kerfi var komið á strax við stofnun félagsins til að bera kennsl á og takmarka áhættu í rekstri þess, ásamt því að gera upplýsingagjöf og uppgjör áreiðanlegri. Það tryggir GAMMA Capital Management hf. þó hvorki algerlega gegn rangri upplýsingagjöf né mögulegu tapi. Í ljósi þess að afar fáir hluthafar eru í félaginu, og félagið að mestu í eigu starfsmanna, er vikið frá tilteknum atriðum í Leiðbeiningunum í tengslum við hluthafafundi, enda hægt að ná sömu markmiðum fram með beinum samskiptum við hluthafa. Til að mynda hefur ekki verið þörf á því að halda hluthafafundi með rafrænum hætti, og ekki eru birt á vefsíðu dagsetning aðalfundar, starfskjarastefna, upplýsingar um framboð til stjórnar eða frestur til að leggja fram mál.

Stjórn GAMMA Capital Management hf. setur einnig innri reglur varðandi starfsemi félagsins, þar á meðal áhættustefnu og lausafjárstefnu. Áhættustýring félagsins ber ábyrgð á að bera kennsl á hvers konar áhættu félagsins og sjóða í rekstri þess, að meta hana og stýra henni í samvinnu við forstjóra GAMMA Capital Management hf. Hún hefur einnig eftirlit með því að innri reglum félagsins sé fylgt í ákvarðanatöku. Stjórn fær á hverjum reglulegum stjórnarfundum yfirlit yfir áhættustýringu sjóða, áhættuþætti, eignasamsetningu og afkomu. Snar þáttur í starfi stjórnar er umfjöllun og greining á rekstrarárangri félagsins. Stjórn félagsins hefur sett sér skrifleg viðmið og stefnu um siðferði og samfélagslega ábyrgð.

Árlega er gerð áætlun fyrir rekstur næsta árs. Rekstur GAMMA Capital Management hf. í heild og hvers sjóðs er gerður upp mánaðarlega, en það gerir stjórn félagsins kleift að bera árangur saman við áætlanir, fylgjast með breytingum í rekstri og grípa til aðgerða ef um verulega neikvæðar breytingar er að ræða. Margvíslegum þáttum í rekstri GAMMA Capital Management hf. hefur verið útvistað samkvæmt skriflegum samningi, þar á meðal ýmsum þáttum í innra eftirliti, svo sem innri endurskoðun sem hefur verið útvistað til PwC. Innri endurskoðun fylgir leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2008 um endurskoðunardeildir fjármálafyrirtækja og 16. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Innri endurskoðandi framkvæmir eigin úttekt á hverju ári og skilar niðurstöðum beint til stjórnar GAMMA Capital Management hf. Könnun árshlutareikninga og endurskoðun ársreiknings félagsins er í höndum endurskoðunarfirms Deloitte ehf.

Yfirlýsing um stjórnarhætti, frh.:

Gildi félagsins og siðferðisleg viðmið eru skilgreind í viðmiðum og stefnu stjórnar um siðferði og samfélagslega ábyrgð. Gildi GAMMA Capital Management hf. eru þau að félagið skili arðsemi, hafi hag sjóðsfélaga í fyrirrúmi við stýringu sjóða og að sjóðir í rekstri félagsins séu eftirsóknarverðir fjárfestingarkostir og skulu starfsmenn félagsins í hvívetna hafa heiðarleika að leiðarljósi í störfum sínum.

GAMMA Capital Management hf. hefur sett sér stefnu um hagsmunaárekstra sem ætlað er að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Jafnframt hefur stjórn félagsins sett verklagsreglur um eigin viðskipti starfsmanna og tengdra aðila, og reglur um atvinnuþátttöku starfsmanna. Markmið þessara reglna er að stuðla að óhlutdrægni gagnvart viðskiptavinum og sjóðum í rekstri félagsins og jafnræði á milli þeirra, koma í veg fyrir hagsmunaárekstra, tryggja óhæði starfsmanna og trúnað og trúverðuleika.

Þá hefur stjórn sett sér ítarlegar starfsreglur þar sem kveðið er á um störf hennar. Starfsreglurnar fjalla m.a. um megin skyldustörf stjórnar, skipan stjórnar og verkaskiptingu, hlutverk stjórnarformanns, réttindi og skyldur stjórnarmanna, venslaða aðila og viðskipti venslaðra aðila, vanhæfi, viðskiptaerindi stjórnarmanna, stjórnarfundi, boðun þeirra og fundargögn, fundargerðir, forstjóra, árangursmat, starfsáætlun og upplýsingagjöf, móttöku nýrra stjórnarmanna og stjórnarsetu í dótturfélögum. Starfsreglum stjórnar er ætlað að tryggja jafnræði við meðferð mála fyrir stjórn, vandaða og óháða málsmeðferð og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi. Í því skyni er starfsreglum stjórnar ætlað að styrkja umgjörð um viðskipti stjórnarmanna og félaga þeim tengdum við GAMMA Capital Management hf. og aðgang stjórnarmanna að upplýsingum um viðskiptamenn.

Í stjórn GAMMA Capital Management hf. sitja þrjú aðalmenn og tveir varamenn en þeir eru kosnir á aðalfundi til eins árs í senn. Forstjóri situr stjórnarfundi en einnig áhættustjóri og lögmaður félagsins sem ritar fundargerð. Stjórn GAMMA Capital Management hf. fundar að jafnaði mánaðarlega og oftast ef þurfa þykir. Stjórn GAMMA Capital Management hf. stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna félagsins gagnvart þriðja aðila. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, ákveður starfskjör hans og veitir prókúruumboð. Stjórnin fundaði 11 sinnum á árinu 2017.

Hjá GAMMA Capital Management hf. starfar enginn lykilstarfsmaður, að forstjóra undanskildum, skv. 8. tölul. 1. mgr. 1. gr. a., laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2010, um hæfi lykilstarfsmanna. Starfsreglur stjórnar eru aðgengilegar á vefsíðu félagsins, gamma.is.

Í stjórninni eiga eftirtaldir sæti:

Hlíf Sturludóttir, formaður stjórnar (f. 1968), er viðskiptafræðingur og MBA. Hlíf lauk Cand. Oecon prófi í viðskiptafræði árið 1993 frá Háskóla Íslands og meistaraprófi í rekstrarhagfræði (MBA) frá University of Edinburgh Business School árið 2000. Hlíf hefur sinnt ýmsum stjórnunarstörfum, helst á sviði fjármála, eignastýringar og fjárfestinga og hún hefur öðlast víðtæka þekkingu á rekstri og ólíkum atvinnugreinum í gegnum starfsreynslu sína og stjórnarsetur. Hlíf hefur setið í stjórnnum félaga á Íslandi, Danmörku og Bretlandi. Frá árinu 2005 hefur hún starfað við fjárfestingar og eignastýringu.

Sveinn Biering Jónsson, meðstjórnandi (f. 1982) er stúdent frá Verzlunarskóla Íslands árið 2002, BS í Fjármálaáættustjórnun frá CASS Business School og MBA gráðu frá sama skóla. Sveinn er m.a. í stjórn Norlax AS, Mylluseturs ehf, Adara Pakkaus OY, DAO AS. SPP Holding OY og fleiri félaga.

Gunnar Sturluson, meðstjórnandi (f. 1967) er lögmaður með leyfi til málflytninga fyrir Hæstarétti. Hann er með LL.M gráðu í Evrópurétti og alþjóðlegum viðskiptum frá University of Amsterdam. Gunnar hefur unnið hjá LOGOS frá því árið 2000 og hjá forvera LOGOS, Málflytningsskrifstofunni Suðurlandsbraut 4A árin 1992-1999. Gunnar var faglegur framkvæmdastjóri LOGOS á árunum 2001-2013. Helstu starfssvið Gunnars eru á sviði félagaréttar, samkeppnisréttar, samruna og yfirtöku félaga (kaup og sala), Evrópuréttar, fjárhagslegrar endurskipulagningar, og málflytninga.

Yfirlýsing um stjórnarhætti, frh.:

Sigurgeir Jónsson, varamaður í stjórn (f. 1974) er meðeigandi í 1/0 Capital í New York. Sigurgeir var áður meðeigandi hjá ARAM Global (2009-2013) og framkvæmdastjóri fjárfestinga hjá Glitni (2008-2009). Á árunum 2004-2008 starfaði Sigurgeir hjá Bank of America, fyrst sem Head of Index Derivatives EMEA og síðar sem Head of Structured Credit Trading – North America. Frá 1996-2004 starfaði Sigurgeir hjá Kaupþingi, meðal annars sem aðstoðarframkvæmdastjóri fjárfestinga. Sigurgeir er með Bs.sc. gráðu í hagfræði frá Háskóla Íslands.

Ásdís Kristjánsdóttir, varamaður í stjórn (f. 1978) lauk BS-prófi frá verkfræðideild Háskóla Íslands árið 2002 og MS-prófi í hagfræði frá viðskipta- og hagfræðideild frá sama skóla árið 2006. Hún hlaut réttindi sem löggiltur verðbréfamiðlari árið 2010. Hún starfar sem forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins. Áður veitti hún greiningardeild Kaupþings, síðar Arion banka forstöðu og starfaði um skeið hjá Fjármálaráðuneytinu.

Hlíf Sturludóttir, Gunnar Sturluson, Sveinn Biering Jónsson og Sigurgeir Jónsson eru óháð GAMMA Capital Management hf. og stórum hluthöfum þess.

Engir dómur hafa staðfest brot gegn lögum sem gilda um starfsemi. Hins vegar gerði GAMMA Capital Management hf. þann 25. júlí 2017 samkomulag um sátt við Fjármálaeftirlitið vegna fjárfestinga fjárfestingasjóða sem eru í rekstri félagsins. GAMMA Capital Management hf. hefur ekki verið synjað um heimild eða leyfi til þess að stunda tiltekin viðskipti eða starfsemi, og hefur ekki sætt afturköllun eða ógildingu á starfsleyfi eða skráningu.

GAMMA Capital Management hf. er ekki skráð í kauphöll en birtir fréttir af starfsemi sinni á heimasíðu fyrirtækisins og sendir jafnframt út fréttatilkynningar ef markverðar breytingar hafa orðið á starfsemi félagsins. Á aðalfundum er farið ítarlega yfir starfsemi félagsins og ennfremur kallað til hluthafafunda ef ástæða er til. Þá er rétt að geta þess að félagið er að megninu til í eigu starfsmanna.

Verðbréfasjóðir
GAMMA Capital Management hf.

Ársreikningur 2017

Rekstrarreikningur 2017

Skýr	GAMMA:	GAMMA:	Samtals 2017	Samtals 2016
	Iceland Govt Bond Fund 2017	Govt Bond Index Fund 2017		
